

# Eskifjarðarskóli



Áræði – Færni – Virðing – Þekking

## Efnisyfirlit

<b>Um skólann</b>	<b>4</b>
<b>Skipulag:</b>	<b>4</b>
<b>Starfsfólk</b>	<b>6</b>
<b>Félagslíf og tómstundastarf</b>	<b>8</b>
<b>Stoðþjónusta</b>	<b>8</b>
Heilsuvernd	9
Reglubundnar skimanir	9
Bólusetningar	9
Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir	10
Lyfjagjafir í skólanum	10
Námsráðgjöf	10
Teymi	10
Lausnateymi	10
Farsæld barna og samþætt þjónusta	10
Forvarnarteymi	11
<b>Ráð og nefndir</b>	<b>11</b>
Skólaráð	11
Foreldrafélagið	13
Nemendaráð og íþróttaráð	13
<b>Bókasafn</b>	<b>14</b>
<b>Umsjónarkennarinn</b>	<b>14</b>
<b>Tilhögun kennslu</b>	<b>14</b>
Mentor	14
Foreldraviðtölin	15
Heimanám	15
Valgreinar	15
Starfsnám	15
<b>Innra mat</b>	<b>15</b>
<b>Leiðsagnarnám</b>	<b>16</b>
<b>Starfsáætlun nemenda</b>	<b>16</b>
Skóladagurinn	16
Samræmd próf	16

---

Heilsudagar	16
Vetrarfrí	16
Litlu jólin	17
Íþróttadagur	17
Hátíð yngri nemenda og árshátíð	17
Vorskemmtun	17
Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk og Litla í 4. bekk	17
Skólaferðalag	17
Söngstund nemenda í 1. -10. bekk	17
<b>Dvöl - frístund</b>	<b>17</b>
<b>Slysatryggingar skólabarna</b>	<b>18</b>
<b>Skólareglur</b>	<b>18</b>
Brot á skólareglum	18
<b>Viðbrögð við vá</b>	<b>21</b>
Rýmingaráætlun	21
<b>Verklagsreglur um skólasókn í grunnskólum Fjarðabyggðar</b>	<b>22</b>
<b>Ábendingar!</b>	<b>28</b>

---

## Um skólann

**Eskifjarðarskóli**

**Lambeyrarbraut 16**

**735 Fjarðabyggð**

**Sími 470-9151**

Netfang: [sigrun@skolar.fjardabyggd.is](mailto:sigrun@skolar.fjardabyggd.is)

Heimasíða: [grunnesk.is](http://grunnesk.is)

**Skólastjóri:** Sigrún Traustadóttir **470-9152**

**Aðstoðarskólastjóri:** Jóhanna Guðnadóttir **470-9153**

**Deildarstjóri sérkennslu:** Kristín Auðbjörnsdóttir **470-9160**

**Yfirþroskaþjálfari:** Jóhanna Rut Stefánsdóttir **470-9160**

**Forstöðumaður Dvalarinnar:** Ingunn Rut Sigurðardóttir **470-9154**


**Fjöldi nemenda:** 142

### Skipulag:

- Skólinn opnar kl. 07:45
- Gæsla er á göngum frá kl. 07:45
- Fyrsta kennslustund hefst kl. 08:00 hjá öllum nemendum skólans
- Nestisstund er á morgnana. Nemendur koma með hollt og gott nesti að heiman og borða í þeim stofum sem þeir eru í samkvæmt stundaskrá.
- Frímínútur hefjast kl. 9:20 hjá yngra stigi og kl. 10:00 hjá eldra stigi. Allir nemendur fara út í frímínútum ef veður leyfir. Næsta kennslustund hefst kl. 9:40 hjá yngra stigi, 10:20 hjá eldra stigi.
- Hádegishlé yngra stigs er frá kl. 11:00 – 11:20 og frímínútur strax á eftir, nemendur á eldra stigi fá 40 mín í mat og frímínútur, frá kl. 11:40-12:20.
- Dvölin er opin frá kl. 13:00 til 16:30 mánudaga til föstudaga.
- Tónlistarskólinn er til húsa í skólabyggingunni. Nemendur tónlistarskólans geta sótt þar tíma á skólatíma annað hvort eftir rúllandi stundatöflu eða eftir föstum tímum.
- Elsta deild leikskólans er einnig til húsa í skólanum.
- Bókasafnið á Eskifirði er staðsett á neðstu hæð skólans. Nemendur hafa aðgang að safninu mánudaga til fimmtudaga á skólatíma.

Skipurit

# Skólaárið 2024-2025



**Starfsfólk**

Alicja Maria Rymon-Lipinska	Umsjónarkennari 3. bekkjar
Ala Untila	Skólaliði
Aníta Ösp Ómarsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk / Námsráðgjöf
Anna Jónsdóttir	Skólaliði
Arndís Bára Pétursdóttir	Umsjónarkennari 6. og 9. bekkjar
Ásdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi
Berglind Eiríksdóttir	Stuðningsfulltrúi
Borghildur Birna Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Dovilé Rinkevicienė	Stuðningsfulltrúi/frístundaleiðbeinandi
Edyta Beczkowska	Skólaliði
Elísabet Ólöf Ásbjörnsdóttir	Skólaritari
Friðrik Á Þorvaldsson	Grunnskólakennari
Guðmann Þorvaldsson	Grunnskólakennari
Guðný Margrét Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 1. bekkjar
Guðrún M. Ó. Steinunnardóttir	Forstöðumaður bókasafns
Halldór B. Bjarneyjarson	Leiðbeinandi
Heiðar Högni Guðnason	Grunnskólakennari í fæðingarorlofi til áramóta
Heiður Dögg Vilhjálmsdóttir	Umsjónarkennari 10. bekkjar
Hulda María Vilhelmsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ingunn Rut Sigurðardóttir	Forstöðumaður Dvalar
Jóhann Valgeir Davíðsson	Íþróttakennari
Jóhanna Guðnadóttir	Aðstoðarskólastjóri
Jóhanna Rut Stefánsdóttir	Yfirþroskaþjálfari
Klara Lind Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristín Auðbjörnsdóttir	Deildarstjóri sérkennslu
Kristín Lukka Þorvaldsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi/Skólaliði
Marta Magdalena Baginska	Umsjónarkennari 5. bekkjar
Petra Jóhanna Vignisdóttir	Umsjónarkennari 2. bekkjar
Petrína Kristín Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigrún Traustadóttir	Skólastjóri
Sonja Einarsdóttir	Umsjónarkennari 7. og 8. bekkjar

---

Thelma Rún Fossberg Davíðsdóttir

Stuðningsfulltrúi/Frístundaleiðbeinandi

Þórhildur Tómasdóttir

Stuðningsfulltrúi

## Félagslíf og tómstundastarf

Félags- og skemmtanalíf nemenda skólans miðar að því að auka félagsþroska þeirra og þjálfa þá í að takast sameiginlega á við undirbúning skemmtana, blaðaútgáfu o.s.frv. Nemendur 10. bekkjar eru hverju sinni í forystu fyrir félagslífinu. Nemendaráð, sem í eiga sæti fulltrúar 6.-10. bekkjar, sér um skipulagningu félagslífs í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Félagsmiðstöðin Knellan er opin fyrir nemendur í 7.-10. bekk þriðjudaga frá 20:00-22:00, fimmtudaga frá 20:00-22:00 og einn föstudag frá 20:00-22:00, fyrir nemendur í 5.-7. bekk á fimmtudögum frá 17-19 og fyrir nemendur í 1.- 4. bekk er opnun auglýst sérstaklega.

Samt sem áður eru nokkrir fastir atburðir í félagslífi nemenda. Má þar nefna Fjarðaball fyrir nemendur í 8. - 10. bekk á Austurlandi sem haldið er einu sinni á skólaári. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á að nemendur elstu bekkja grunnskólanna í Fjarðabyggð hittist og skemmti sér saman. Verður því haldið áfram þannig að samkennd geti eflst milli nemendanna hvaðan úr Fjarðabyggð sem þeir eru. Árshátíð hjá 6.-10. bekk er í mars og Hátíð fyrir 1.-5. bekk er í mars. Vorskemmtunin verður einnig á sínum stað í maí. Litlu jólin verða haldin 20. desember.

Nemendaráð er skipað nemendum 6. – 10. bekk sér um skipulagningu félagsstarfs í skólanum í samráði við skólastjórnendur og kennara. Ætlun þeirra er að halda skemmtanir fyrir nemendur, auk spilakvölda, kvikmyndasýninga, spurningakeppna og annarra uppákoma. Það er því von okkar að nemendur nýti þessi tækifæri sem í boði eru til fjölbreyttrar skemmtunar hvort sem er í Knellunni eða hér í skólanum. Með nemendaráði vinnur Heiðar Högni Guðnason.

Einnig starfar íþróttaráð fyrir skólann sem skipað er nemendum 6. – 10. bekk. Ráðið annast skipulagningu og undirbúning ýmissa íþróttaviðburða og keppna í skólanum í samráði við íþróttakennara, Jóhann Valgeir Davíðsson.

Íþróttahús Eskifirðinga er lokað vegna myglu og ekki hefur verið gefið út hvenær má eiga von á því að hægt verði að taka það í notkun aftur. Í sundlauginni stendur sunddeild Austra fyrir sundæfingum. Siglingaklúbbur Austurlands stendur fyrir námskeiðum og æfingum í siglingum þegar viðrar til slíkrar íþróttaiðkunar. Golfklúbbur Eskifjarðar er með aðstöðu á Byggðarholtsvelli þar sem börn að 15 ára aldri fá frían aðgang. Auk þess hafa verið haldin golfnámskeið fyrir börn. Frekari upplýsingar um íþróttastarf má finna á fésbókarsíðum félaganna.

Kirkjan býður upp á fjölbreytt tómstundastarf. Kirkjuskólinn er annan hvern laugardag. TTT, kirkjustarf fyrir 10-12 ára og æskulýðsstarf fyrir unglinga er á miðvikudögum. Eldri krakkar eru í leiðtogahlutverkum í æskulýðsstarfi kirkjunnar.

Innan björgunarsveitarinnar Brimrúnar er starfandi unglingadeild sem ber nafnið Særún. Þar er staðið fyrir fjölbreyttu starfi fyrir unglinga.

## Stoðþjónusta

Eskifjarðarskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr.91/2008 og reglugerð nemenda með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010. Samkvæmt þeim lögum er skóli án aðgreiningar sú stefna sem unnið er eftir. Í því

felst, samkvæmt reglugerð nr. 585/2010, að skólinn sé fyrir öll börn á skólaskyldualdri og að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í almennu skólastarfi.

Hlutverk stoðþjónustunnar er að veita nemendum með þroskafrávik, fötlun eða almenna námserfiðleika sérhæfð úrræði og einstaklingsmiðað nám. Þeir nemendur fá aukna aðstoð og vinna eftir áætlun frá kennara og unnið er í mörgum tilfellum undir stjórn sérkennara eða stuðningsfulltrúa.

Sérkennsla fer fram einstaklingslega eða í fámennum hópum og miðast við þarfir hvers og eins nemanda.

Reynt er eins og kostur er að aðlaga stundaskrá og námsefni að þörfum nemendanna. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir skemmri tímabil sem miða að því að gera þá sjálfstæðari í vinnubrögðum.

Skólinn er í nánú samstarfi við Skólaþjónusta Fjarðabyggðar sem sinnir hinum ýmsum þjónustupáttum varðandi sérfræðiþjónustu skóla. Nánari upplýsingar um Skólaþjónustu Fjarðabyggðar er að finna [hér](#).

### Heilsuvernd

Skólahjúkrunarfræðingur er Sara Loye og er hún starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Hún hefur viðveru í skólanum á þriðjudögum frá 8:30-12:00.

Heilsuvernd skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Heilsuverndin stendur öllum skólabörnum til boða. Unnið er í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur situr í nemendaverndarráði skólans.

### Reglubundnar skimanir

Skimanir eru framkvæmdar í 1., 4., 7., og 9. bekk og felast í mælingu á hæð, þyngd og sjónskerpu. Einnig er heyrnarmælt í 1. bekk og litarskin athugað í 7. bekk. Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til.

Þegar þessar skimanir fara fram ræðir hjúkrunarfræðingurinn við nemendur um lífsstíl og líðan, markmið þessarar viðtala að styrkja vitund nemenda um þessa þætti. Niðurstöður skimana og viðtalsins eru skráðar í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

### Bólusetningar

**7. bekkur:** Bólusettt gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Stúlkurnar fá auk þess bólusetningu gegn leghálskrabbameini en gefnar eru þrjár sprautur yfir veturinn.

**9. bekkur:** Bólusettt gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (ein sprauta).

Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusettt þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. ***Bólusetningar barna eru alltaf á ábyrgð foreldra.***

## Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir

Heilsuvernd skólabarna sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Tengill sem vert er að skoða er [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is).

Einnig verður fræðsla um kynþroskann og kynheilbrigði í eldri bekkjum. Eftir fræðsluna fá foreldrar **sent fréttabréf heim með tölvupósti**. Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geti nýtt sér það í daglegu lífi.

## Lyfjagjafir í skólanum

Í engum tilvikum getur skólabarn borið ábyrgð á lyfjatöku. Ábyrgðin er foreldra en skólahjúkrunarfræðingur og starfsmenn skólans aðstoða börn við lyfjatöku. Þurfi barn að taka lyf á skólatíma eru þau geymd hjá ritara í læstum skáp. Öll meðferð lyfja í skólanum er í samræmi við tilmæli landlæknisembættisins.

## Námsráðgjöf

Námsráðgjöf innan skólans er sinnt í u.þ.b. 25% starfi. Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda, starf hans tengist öllu því sem stuðlar að vellíðan nemenda í skólanum og utan hans. Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar þá við að leita lausna í sínum málum. Þjónusta námsráðgjafans stendur öllum nemendum skólans og foreldrum þeir til boða, hvort sem erindið er stór eða smátt. Aníta Ösp Ómarsdóttir sinnir námsráðgjöfinni. Teknar eru tengslakannanir í öllum bekkjum og spurningakannanir ár hvert til að skoða stöðu nemenda í tengslum við nám og líðan. Unnið er út frá niðurstöðum með nemendum, foreldrum og kennurum.

## Teymi

Starfrækt eru teymi í kringum hvern bekk í skólanum. Í hverju teymi sitja um það bil þrjú til fimm aðilar sem koma að málefnum nemenda. Teymin hittast einu sinni í viku og fara yfir þarfir nemenda. Skoðuð er námsleg staða þeirra, líðan og hvernig best er að koma á mótis við nemendur. Einnig er skoðuð samskipti nemenda og hegðun. Gerð er aðgerðaráætlun fyrir þá einstaklinga sem þurfa á einhverri aðstoð að halda. Í teymi sitja umsjónakennari, stuðningsfulltrúi/þroskaþjálfari og sérkennari/deildarstjóri sérkennslu/skólastjóri/aðstoðarskólastjóri. Ef teymin ná ekki að halda utan um þau verkefni sem þurfa þykir þá geta þau vísað í Lausnateymi.

## Lausnateymi

Í skólanum er starfrækt lausnateymi. Hlutverk þess er að styðja við kennara og teymi til að takast á við erfið mál sem hefur ekki tekist að leysa. Lausnateymið eða aðilar innan þess veita ráðgjöf, sjá um athuganir og vinna að aðgerðaráætlun í samræmi við umsjónarkennara eða teymi viðkomandi bekk. Vísa málum áfram ef þurfa þykir. Lausnateymi vinnur í nánun samstarfi við Sprett að nemendamálum.

## Farsæld barna og samþætt þjónusta

*Þann 1. janúar 2022 tóku í gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónusta er skipulögð og samfelld þjónusta sem*

hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni. Til þjónustuveitenda teljast t.d. leik-, og grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.

Þannig miða ákvæði laganna að því að formfesta samstarf um veitingu þjónustu í þágu farsældar barna og skapa skilyrði til að unnt sé að bregðast fyrir við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns með viðeigandi stuðningi þegar þörf þykir. Þeir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra. Meta þörf fyrir þjónustu, bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur og hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónustan sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Sjá má nánari upplýsingar um farsæld barna og samþætta þjónustu [hér](#).

### Forvarnarteymi

Í hverjum grunnskóla er starfrækt Fjarðabyggðar Forvarnarteymi. Teymið hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið á að vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teymið leitist við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Teymið verði jafnframt tengiliður við Skólaþjónustu Fjarðabyggðar sem sjá um að miðla þekkingu og fræðslu.

Teymið er skipað af:

- Stjórnanda
- Kennari með þekkingu á málaflokknum
- Skólahjúkrunarfræðing
- Skólasálfræðing
- Þroskaþjálfar
- Námsráðgjafi
- Starfsmanni Dvalar
- Starfsmanni Knellunnar
- Tengiliður við félagsþjónustu

### Ráð og nefndir

#### Skólaráð

Skv. 8. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 á að starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð skal skipað átta einstaklingum til tveggja ára í senn auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs. Skólaráð fjallar m.a. um námskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

### Í skólaráði sitja:

- Aníta Ösp Ómarsdóttir fulltrúi kennara [anita@skolar.fjordabyggd.is](mailto:anita@skolar.fjordabyggd.is)
- Marta Magdalena Baginska fulltrúi kennara [marta@skolar.fjordabyggd.is](mailto:marta@skolar.fjordabyggd.is)
- Elísabet Ólöf Ásbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna [olla@skolar.fjordabyggd.is](mailto:olla@skolar.fjordabyggd.is)
- Vilborg Konný Björgvinsdóttir fulltrúi foreldra
- Davíð Brynjar Sigurjónsson fulltrúi foreldra
- Freyr Guðnason fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Jóhanna Guðnadóttir aðstoðarskólastjóri [johannag@skolar.fjordabyggd.is](mailto:johannag@skolar.fjordabyggd.is)
- Sigrún Traustadóttir skólastjóri [sigrun@skolar.fjordabyggd.is](mailto:sigrun@skolar.fjordabyggd.is)
- Selma Líf Jóhannesdóttir nemandi í 10.bekk
- Nanna María Ragnarsdóttir nemandi í 10.bekk

## Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er starfrækt við skólann. Því er ætlað skv. reglugerð, að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu.

Nemendaverndarráð starfar í samræmi við reglugerð nr. 388/ 1996. Eftirtaldir eiga sæti í nemendaverndarráði: Skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, fulltrúi heilsugæslu og fulltrúi sérfræðiþjónustu. Einnig verður kallað eftir þátttöku félagsmálastjóra og sóknarprests þegar ástæða þykir til. Skólastjóri er formaður ráðsins og stýrir starfi þess.

Markmið nemendaverndarráðs er að samræma þjónustu við nemendur þannig að sem fyrst verði brugðist við þeim vandamálum sem nemandinn á við að etja. Lögð er áhersla á að á sama tíma komi að verkinu og vinni sem heild, fólk frá skóla, heilsugæslu og félagsmálaráði.

1. Ráðið hefur fasta mánaðarlega fundi á starfstíma skóla, en oftast ef þurfa þykir.
2. Fundargerð skal færa í sérstaka fundargerðabók. Öll mál sem tekin eru fyrir í ráðinu eru trúnaðarmál.
3. Umsjónarkennarar, foreldrar eða fulltrúar í ráðinu geta vísað málum til meðferðar hjá nemendaverndarráði. Allar tilvísanir skulu vera skriflegar.
4. Að lokinni greiningu hefst úrvinnsla sem unnin getur verið innan ráðsins eða af sérfræðingum sem fengnir verða til verksins.
5. Endurmat skal fara fram á öllum málum sem nemendaverndarráð tekur fyrir. Teljist mál þá ekki hafa fengið fullnægjandi lyktir skal hefja sama ferlið aftur uns ráðið metur að máli sé lokið. Þeir fulltrúar sem koma að nemendaverndarráði eru þeir aðilar sem sitja í Lausnarteymi skólans og þeir sem eru í Spretti.

## Foreldrafélagið

Í félaginu eru foreldrar eða forráðamenn allra skráðra nemenda skólans félagsmenn. Megintilgangur þess er að stuðla að heil og hamingju nemenda, öflugu samstarfi heimila og skólans svo að efla skólastarfið í samstarfi við starfsmenn skólans og yfirstjórn menntamála, þannig að leiði til betri menntunar.

Á vegum félagsins skulu fyrir hvern bekk vera tveir bekkjarfulltrúar / tenglar úr hópi foreldra/forráðamanna barna í bekknum. Verkefni bekkjarfulltrúanna er að sinna þeim störfum sem miða að því að styrkja starf skólans og treysta samband hans við heimilin og vinna með bekkjarkennara við undirbúning og framkvæmd bekkjarfunda og skemmtana.

### Í stjórn foreldrafélagsins sitja:

Þórdís Gunnarsdóttir, formaður  
Elísabet Ólöf Ásbjörnsdóttir, gjaldkeri

## Nemendaráð og íþróttaráð

Nemendaráð er skipað nemendum 6. – 10. bekk sér um skipulagningu félagsstarfs í skólanum í samráði við skólastjóra og kennara. Ætlun þeirra er að halda skemmtanir fyrir yngri nemendum, auk spilakvölda, kvikmyndasýninga, spurningakeppna og annarra uppákoma.

### Nemendaráð skipa:

- Selma Líf Jóhannesdóttir í 10.bekk
- Nanna María Ragnarsdóttir í 10.bekk
- Sigurþór Már Hreggviðsson í 9.bekk
- Tómas Steinn Fossberg Sindrason í 8.bekk
- Brynhildur Klara Valbjörnsdóttir í 7.bekk
- Sara Antonía Friðþjófsdóttir í 6.bekk

Íþróttaráð fyrir skólann sem skipað er nemendum 6. – 10. bekk. Ráðið annast skipulagningu og undirbúning ýmissa íþróttaviðburða og keppna í skólanum í samráði við íþróttakennara

### Íþróttaráð skipa:

- Birkir Hrafn Wilhelmsson í 10.bekk
- Haukur Þór Wilhelmsson í 10.bekk
- Andri Dagur Sigurjónsson í 9.bekk
- Mikael Singsdal Bardarson í 8.bekk
- Nanna Silvía Andrésdóttir í 7.bekk
- Andrea Ísold Sigurjónsdóttir í 6.bekk

## Bókasafn

Bókakostur bókasafnsins er góður og fjölbreyttur vegna sameiningar safnanna þ.e. almenningsbókasafns og skólasafns.

### **Bókasafnið er mikilvægt hjálpargagn við kennslu.**

Markmið safnkennslu eru:

- að kenna nemendum að umgangast bækur.
- að leiðbeina um bókaval.
- notkun efnis, atriðaorða og nafnaskráa ofl.
- að leita og afla gagna til úrvinnslu vegna heimildavinnu.

Nemendum í yngri bekkjardeildum, þ.e. 1.- 5. bekk gefst kostur á að fara á safnið í skipulegum bekkjarferðum 2 - 3 sinnum í viku. Þar fá þeir sögustundir og vinna ýmis verkefni við hæfi hvers bekkjar, einnig velja þeir sér bækur til heimalestrar.

Eldri nemendur koma meira til heimildaöflunar og verkefnavinnu, jafnframt því sem þau geta sinnt heimanámi á safni. Forstöðumaður bókasafnsins er Guðrún M. Ó. Steinunnardóttir.

## Umsjónarkennarinn

- Umsjónarkennari skal fylgjast með og stuðla að alhliða velferð og þroska nemenda. Í hvert sinn sem hann verður var við breytingar á hegðun, námsárangri eða líðan nemanda ber honum að ræða einslega við hann.
- Umsjónarkennari skal leitast við að ná innan bekkjarins jákvæðum félagstengslum og umburðarlyndi í samskiptum.
- Hann skal leiðbeina nemendum í námi og starfi innan skólans og fylgjast náið með námslegri stöðu þeirra.
- Hann skal aðstoða nemendur og ráðleggja þeim um vinnulag, námsval og persónuleg mál.
- Hann skal leita eftir samráði við sérgreinakennara.
- Hann skal vera tengiliður skólans við foreldra vegna samstarfs skóla og heimilis.
- Hann skal vera til fyrirmyndar um stundvísi, háttsemi og reglusemi.
- Hann skal gæta trúnaðar og sýna nemendum virðingu.
- Hann skal sjá til þess að bekkjarfundir séu á stundaskrá vikulega.
- Hann heldur utan um og stýrir því teymi sem er í kringum hans umsjónarbekk

## Tilhögun kennslu

### Mentor

Mentor er heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir grunnskóla. Þar er að finna stundaskrár, heimanámsáætlanir og flest annað sem viðkemur námi nemenda. Námsáætlanir eru einnig á mentor og þar setja kennarar fram markmið, námsefni, kennsluáferðir og námsmat í hverri námsgrein.

## Foreldraviðtölin

Tvisvar á ári eru haldin nemendastýrð foreldraviðtöl í anda Leiðsagnarnáms, þar sem foreldrar og nemendur ræða einslega við umsjónarkennara um hvernig nemandi hefur gengið í námi sínu á önninni. Viðtölin eru nemendastýrð þar sem nemandi stjórnar ferðinni og segir frá hvernig hefur gengið á önninni, sýnir verkefni sem þeim þykir hafa gengið vel og setur sér markmið fyrir næstu önn. Markmiðin geta tengst samskiptum við samnemendur og starfsfólk skólans eða í námi.

## Heimanám

Nemendur sjá heimanámsáætlun næstu viku á mentor.is. Ætlast er til að eitthvað heimanám fari heim en einnig eru tímar, vinnustund, í boði hjá mið- og unglingsdeild þar sem þeir geta unnið að heimavinnu og/eða fengið hjálp við önnur verkefni.

## Valgreinar

Samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur í 8., 9. og 10. bekk að hafa kost á vali í námi sínu. Markmiðið með því að bjóða upp á val er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Grunnskólanemendur hafa einnig rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Valgreinar innan skólans er skipt á tvö tímabil. Fyrir áramót er í boði að velja þrennt af eftirfarandi: fôrðun, fantasy football, píla, heimilisfræði, skólablaðið, stuttmyndagerð, leiklist, hreyfing, hönnun og smíði. Auk þess er í boði val í Verkmenntaskóla Austurlands og er það eftirfarandi: Rafmagnsfræði, húsasmíði, véltækni og hár og húð. Er valið í Verkmenntaskólanum í boði á haustönninni fyrir 9. og 10. bekk. Val eftir áramót kemur inn velja nemendur í desember 2024. Hvað það er sem verður í boði kemur í ljós í desember 2024.

## Starfsnám

Í Eskifjarðarskóla fer fram starfsnám í samvinnu við fyrirtæki í bænum. Valið er inn í starfsnámið og nemendum sem eiga erfiðara með að fóta sig í bóklegu námi er boðin þátttaka. Í boði hafa verið fimm fyrirtæki sem nemendur geta valið sér. Þau fyrirtæki sem hafa gefið kost á sér eru: Egersund, Kjörbúðin, HD, leikskólinn Dalborg og sundlaug Eskifjarðar. Um er að ræða vinnu einu sinni í viku 2 til 3 tíma í senn yfir sjö vikna tímabil.

## Innra mat

Samkvæmt 36. gr. laga um grunnskóla frá árinu 2008 skulu skólar framkvæma innra mat. Markmið þess er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við reglugerðir, ákvæði laga og aðalnámskrá. Matinu er ætlað að auka gæði skólastarfs, tryggja réttindi nemenda og stuðla að umbótum. Að auki er matinu ætlað að veita fræðslufirvöldum og aðilum skólasamfélagsins upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Við leggjum áfram áherslu á: stoðþjónustuna, innra matið, mannauðinn okkar og þær kennslu og námsmatsaðferðir sem falla undir leiðsagnarnámið sem við erum að innleiða. Skipulagðir þróunarfundir hafa verið settir í stundatöflu kennara.

Gagna er aflað víða, t.d. með spurningalistum til foreldra, starfsfólks og nemenda. Verkefnahópur sér um innra matið og fer yfir úrbótaáætlun sem gerð var vegna niðurstaðna úr Skólapúlsinum. Hópurinn stýrir starfinu, aflar gagna, metur þau og sér um kynningu á niðurstöðum.

Nánari upplýsingar er að finna [hér](#) Skólapúlsinn foreldrakönnun - niðurstöður  
Umbótaáætlun foreldrakönnunar skólapúlsins 2024 [hér](#)  
Kynning á niðurstöðum skólapúlsins 2023-2024 [hér](#)

## Leiðsagnarnám

Veturinn 2024 - 2025 er haldið áfram að vinna að innleiðingu *leiðsagnarnáms* við Eskifjarðarskóla. Vinnan er undir stjórn kennara og stigsstjóra. [Hér](#) er stutt kynning á leiðsagnarnámi fyrir foreldra og aðra áhugasama.

Í stuttu máli snýst leiðsagnarnám um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Markmiðin þurfa að vera skýr og vel skilgreind svo nemandinn, kennarinn og aðrir sem að náminu koma hafi sama skilning á því hvað sé til marks um að markmiðunum sé náð. Til þess að kennari geti byggt nám og kennslu á leiðsagnarnámi verður honum að vera ljóst hvaða hæfni nemendur hans eigi að tileinka sér, þ.e.a.s. hvað þeir eigi að læra. Ef hann viti það ekki sé hann ekki fær um að meta framfarir þeirra, hvað þá heldur að veita þeim endurgjöf sem hjálpar þeim til að ná árangri. Leiðsagnarnám er námsmenning þar sem nemendur og kennarar hafa vaxandi hugarfar, trú á sjálfum sér, hæfni til þess að greina eigin námsvitund og litið er svo á að allir geti tekið framförum. Innleiðing leiðsagnarnáms er hægt og sígandi ferli sem tekur tíma og talað er um að það taki tvö til þrjú ár.

## Starfsáætlun nemenda

### Skóladagurinn

Skóladagur nemenda hefst kl. 8:00 hjá öllum stigum og bókleg fög eru kennd hjá umsjónarkennara í 1. til 7. bekk. Sérgrainakennsla fer fram í öllum árgöngum í íþróttum og list- og verkgreinum. Valgreinar í 8.-10. bekk eru kenndar á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

### Samræmd próf

Samræmd próf hafa verið felld niður og beðið er þess að nýtt námsmat komi frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

### Heilsudagar

Innan skólaársins eru heilsudagar, einn að hausti og einn að vori, dagskrá daganna er skipulögð af starfsfólki skólans en snýst um útivist að einhverju tagi. Að hausti er t.d. farið í berjamó, fjallgöngur og alls konar þrautir og útileiki.

### Vetrarfrí

Á skólaárinu eru fimm dagar í vetrarfrí, þeim er skipt þannig að þrír eru í október og tveir í febrúar.

### Litlu jólin

Litlu jólin eru haldin fyrir 1.-6. bekk, dagskráin byrjar með stofujólum þar sem hver bekkur er út af fyrir sig. Síðan er sameinast og litlu jólin haldin þar sem m.a. er dansað í kringum jólatré. Nemendur í eldri bekkjum eru á stofujólum með sínum bekk en geta komið á litlu jólin og tekið þátt ef þeir vilja.

### Íþróttadagur

Árlega er sameiginlegur íþróttadagur elstu bekkja grunnskóla Fjarðabyggðar. Íþróttakennarar skólanna undirbúa daginn. Grunnskólar sveitarfélagsins skiptast á að halda íþróttadaginn. Íþróttakennarar fylgja nemendum og fleiri kennarar eru fengnir eftir þörfum. Keppt er í fjölbreyttum greinum.

### Hátíð yngri nemenda og árshátíð

Nemendur í 1.-5. bekk sækja hátíð á hverju ári en nemendur í 6.-10. bekk fara á árshátíð. Báðar hátíðirnar verða í apríl. Á þessum viðburðum njóta nemendur matar, syngja saman og hver bekkur er með skemmtiatriði.

### Vorskemmtun

Vorskemmtunin er rótgróinn viðburður í sögu skólans. Allir bekkir æfa skemmtiatriði sem sýnd eru við hátíðlega athöfn í félagsheimilinu Valhöll. Boðið er upp á tvær sýningar sama daginn.

### Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk og Litla í 4. bekk

Stóra upplestrarkeppnin fer fram í 7. bekk. Keppnin hefst á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember og lýkur að vori með upplestrarkeppni innan sveitarfélagsins.

### Skólaferðalag

Í lok 9. bekkjar fara nemendur í skólaferðalag um Ísland. Foreldrar sjá um að skipuleggja fjáröflun og einnig um skipulag ferðarinnar.

### Söngstund nemenda í 1. -10. bekk

Á þessu skólaári er stefnt að því að hafa söngstund mánaðarlega. Þá taka nemendur skólans vel valin lög sem allir kunna og hafa gaman af. Söngstundin er undir stjórn kennara skólans.

### Dvöl - frístund

Starfsemi frístundarinnar er í föstum skorðum. Nemendur yngstu bekkjanna eiga þess kost að koma þar að loknum skóla og dvelja fram eftir degi. Þannig getur lengsta dvöl þar orðið frá 13:00 - 16:30. Um það bil 40 krakkar nýta sér þessa þjónustu og eru í „Dvölinni“ í góðu yfirlæti við leiki og störf. Starfið grundvallast á frjálsum leikjum inni og úti og er reynt að hafa starfið sem fjölbreyttast. Nestistími er kl. 14:00 þar sem í boði er mjólk, smurt brauð og ávextir. Fastir starfsmenn á Dvöl eru fimm, tveir sem sjá um lengda viðveru nemanda með fötlun.

## Slysatryggingar skólabarna

Í gildi er samningur á milli sveitarfélagsins og TM um tryggingar skólabarna í Eskifjarðarskóla. Tryggingin veitir öllum börnum í skólanum tryggingu gegn slysum. Hér er einungis um grunntryggingu með lágum bóttum að ræða, athugið vel að þessar tryggingar skólans koma ekki í stað fjölskyldu- og heimilstryggingar tryggingarfélaganna. Helstu skilmálar eru þessir:

1. Tryggingin nær til allra nemenda sem skráðir eru í skólann.
2. Tryggingin gildir þann tíma sem skólinn er starfræktur.
3. Tryggingin tekur til slysa sem nemendur kunna að verða fyrir á skólatíma í eða við skóla og á leið til eða frá skóla eða í skipulagðri starfsemi á vegum sveitarfélagsins í Æskulýðs- og íþróttamiðstöðvum.
4. Tryggingin tekur til hvers nemenda, sem verður fyrir líkamstjóni eða dauða af völdum slyss, eins og nánar er greinir í skilmálum tryggingafélagsins.
5. Slys ber að tilkynna til skólayfirvalda og tryggingafélags fjölskyldunnar svo fljótt sem auðið er.

## Skólareglur

Skólareglur þessar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

1. Göngum vel um umhverfi okkar og höfum allt í röð og reglu.
2. Nemendum ber að fylgja fyrirmælum alls starfsfólks skólans.
3. Sýnum kurteisi, tillitssemi og fylgjum almennum siðvenjum.
4. Mætum stundvíslega, með gögnin okkar í allar kennslustundir.
5. Sýnum dugnað og metnað í skólastarfinu og virðum vinnufriðinn.
6. Notkun farsíma og annarra tækja sem trufla skólastarf er bönnuð.
7. Virðum rétt annarra til heilbrigðra leikja og hjólum ekki á leiksvæðinu.
8. Málsverði á eingöngu að borða í kennslustofum eða í borðsalnum.
9. Gosdrykki, sælgæti og orkudrykki notum við ekki í skólanum nema á skemmtunum.
10. Notkun rafretta, tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er bönnuð.

## Brot á skólareglum

**Við brot á skólareglum fara viðbrögð og viðurlög eftir eðli brots.**

Ef nemandi veldur verulegri truflun á kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum úr tíma. Þá gerist eftirfarandi:

- Kennarinn hefur samdægurs samband við foreldra/ forráðamenn nemandans.
- Nemandi sækir ekki kennslustund hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknu viðtali.
- Umsjónarkennara skal gerð grein fyrir agabroti nemandans.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Þeir skulu bæta tjón sem þeir valda.

Valdi notkun farsíma, fjarskiptatækja eða tölvuleikja truflun í skólastarfinu mun viðkomandi tæki gert upptækt og afhent skólayfirvöldum. Einungis foreldrar eða forráðamenn fá tækið afhent.

Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er á vegum skólans verður hann sendur heim á kostnað forráðamanna sinna.

Hafi umsjónarkennari vísað málum nemanda til skólastjóra vegna brota á skólareglum eða slakrar skólasóknareinkunnar er það ákvörðun skólastjóra í samráði við umsjónarkennara hvort viðkomandi nemandi fær heimild til þátttöku í ferðum skólans.

Verði nemandi uppvís að notkun rafretta, reykingum eða neyslu áfengis eða annarra vímuefna í eða við skóla er um alvarlegt brot að ræða og er meðhöndlað eins og lýst er í næstu málsgrein.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum enda verði forráðamönnum og fræðslufyrirvöldum tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólayfirvalda.

### ***Ástundun.***

Í hvert sinn sem kennarar gera athugasemd við hegðun nemanda meðan á skólastarfi er það skráð í Mentor samkvæmt eftirlits- og punktakerfinu hér fyrir neðan. Kerfið virkar þannig að kennarar fylgjast náið með námi og starfi nemanda í öllum bekkjum. Óheimilar fjarvistir, óstundvísi, brottrekstur úr kennslustund og truflun ásamt ástundun gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um skólasóknareinkunn. Kennarar gefa seint ef nemandi mætir 1- 14 mín of seint í kennslustund. Ef nemandi mætir 15 mínútum of seint skal gefið fjarvist í kennslustund. Nemendur eru þó hvattir til að mæta þó 15 mínútur séu búnar af kennslustundinni. Ef nemandi er fjarverandi meira en 15 mínútur af kennslustund (yfirgefur kennslustund í 15 mínútur eða meira) þá telst það sem fjarvist.

***Eftirfarandi reglur eru settar til að auðveldlega megi fylgjast með skólasóknareinkunn nemanda.***

- Of seint í kennslustund 1 punktur.
- Fjarvist án leyfis í kennslustund 3 punktar.
- Án heimavinnu eða gagna 1 punktur
- Slök tímavinna 1 punktur
- Truflun 2 punktar
- Brottrekstur úr kennslustund 4 punktar.

**Skólasóknareinkunn**

Punktur	Einkunn
0-5	10,0
6-8	9,5
9-11	9,0
12-14	8,5
15-17	8,0
18-20	7,5
21-23	7,0
24-26	6,5
27-29	6,0
30-32	5,5
33-35	5,0
36-38	4,5
39-41	4,0
42-44	3,5
45-47	3,0
48-50	2,5
51-53	2,0
54-56	1,5
57 og fleiri	1,0

Umsjónarkennarar fylgjast með skráningu varðandi nemendur sína og skulu senda forráðamönnum ástundunarpósta a.m.k. mánaðarlega. Umsjónarkennarar eru lykilaðilar í úrvinnslu og eftirfylgni málanna og þeir vinna samkvæmt þessum verklagsreglum.

1. Ef nemenda fer lækkandi í skólasóknareinkunn ræðir umsjónarkennari við hann og hvetur hann til gera þar bót á. Þegar einkunnin er komin í **8,5** aðvarar umsjónarkennari viðkomandi nemanda og hefur jafnframt samband við forráðamenn hans og kallar eftir ábyrgð þeirra á nauðsynlegum úrbótum.
2. Við einkunnina **7,0** boðar umsjónarkennari, nemandann og forráðamenn hans ásamt stjórnendum til fundar, þar sem sameiginlega er tekin ákvörðun um úrbætur og nemandi er boðinn ástundunarsamningur. Nemandi getur um leið óskað eftir hækkun skólasóknareinkunnar og hækkar hún þá um 0,5 fyrir hverja viku sem skólasókn er óaðfinnanleg.
3. Ef samþykkt áætlun stenst ekki og einkunnin heldur áfram að fara niður er málinu vísað til félagsmálayfirvalda þegar einkunnin er orðin **5,0**.

### Myndræn útgáfa af ferlinu

8,5 Umsjónarkennari aðvarar og hefur samband við forráðamenn.

7,0 Umsjónarkennari boðar nemanda, forráðamenn og stjórnendur á fund. Nemandi boðinn ástundunarsamningur.

5,0 Tilkynning til félagsmálayfirvalda.

### Viðbrögð við vá

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun Eskifjarðarskóla er að finna [hér](#).

## Verklagsreglur um skólasókn í grunnskólum Fjarðabyggðar

Tilgangurinn með að setja verklagsreglur um skólasókn er að skýra verklag í kringum skólasókn nemenda, s.s. skráningu leyfa, veikinda og fjarvista og samræma viðbrögð ef skólasókn er ábótavant og tryggja að gripið verði fljótt til forvarna svo koma megi í veg fyrir skólaforðun.

### Skilgreining á skólaforðun

*Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma. (Kearney, Albano 2007).*

### Snemmtæk íhlutun og forvarnir gegn skólaforðun í skólum Fjarðabyggðar

Í skólum Fjarðabyggðar er sérstök áhersla lögð á snemmtæka íhlutun og forvarnir gegn skólaforðun með það að markmiði að greina vanda barna og fjölskyldna áður en vandinn verður langvarandi og bitnar á uppeldis- og þroskaskilyrðum barna.

Í skólunum er lögð áhersla á góða líðan nemenda sem forsendu þess að viðkomandi geti tekist á við námið. Lögð er áhersla á gott samstarf heimila og skóla og mikilvægi þess að foreldrar og kennarar séu vakandi yfir þáttum í fari barna og unglunga sem bent gætu til þess að ástæða sé til að grípa inn í áður en að vandinn verður til eða vindur upp á sig.

Í skólunum er í gildi viðbragðsáætlun vegna fjarvista fyrir nemendur. Lögð rík áhersla á að sótt sé rafrænt um leyfi frá skóla fyrir nemendur. Þetta er mikilvægt vegna lögbundinnar skjalavistunar, en jafnframt til þess að formgera og bæta upplýsingar um leyfi nemenda frá skóla.

### Skólaskylda og ábyrgð foreldra

Mikilvægt er að heimili og skóli vinni vel saman og hvor aðili um sig sé meðvitaður um réttindi og skyldur sínar gagnvart nemendum. Í grunnskólalögum nr. 91 frá 2008 er fjallað um ábyrgð foreldra hvað skólasókn varðar.

Í 19. gr. grunnskólalaga segir:

*Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra... Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnsýslulaga við meðferð málsins.*

Í 3. mgr. 18. gr. sömu laga stendur:

*Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.*

### Um leyfi nemenda í grunnskólum Fjarðabyggðar

Mikil fjarvera frá skóla hefur samkvæmt rannsóknnum neikvæð áhrif á upplifun nemenda af skólagöngunni og slæm áhrif á líðan þeirra, námsárangur og félagslega stöðu þeirra. Það er því mikilvægt að hafa skýrt verklag þegar foreldrar/forráðamenn óska eftir leyfi fyrir nemendur frá grunnskólanámi. Í grunnskólalögum kemur fram að skólastjóra er heimilt í ákveðnum tilfellum að veita undanþágu frá skólasókn, sjá 15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008:

*Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*

Skila skal inn rafrænni umsókn um leyfi frá skóla ef um einn eða fleiri daga er að ræða.

Á heimasíðu skólans eru leiðbeiningar varðandi leyfi nemenda. Mikilvægt er að foreldrar ígrundi vel umsóknir um leyfi á skólatíma og verði tímanlega í umsóknum ef þeirra er þörf.

### Verklag í skólum Fjarðabyggðar um mætingu nemenda

Grunnskólar Fjarðabyggðar hafa komið sér upp samræmdu verklagi þegar mæting nemenda er ábótavant og jafnframt er óskað er eftir samvinnu við foreldra um að draga úr leyfisbeiðnum á skólatíma.

Nýtt verklag gerir ráð fyrir að ef nemandi hefur verið 7-9 daga frá skóla, án gildra ástæðna, þá upplýsir umsjónarkennari foreldra um skólasókn. Hafi nemandi verið 10-15 daga frá skóla, án gildra ástæðna, boðar umsjónarkennari til fundar með foreldrum. Ástæða fjarvista er rædd og mögulegar úrbætur. Námsleg og félagsleg staða nemanda er metin og viðeigandi stuðningur veittur ef þörf er á.

Ef fjarvistir halda áfram og nemandi hefur verið 16-20 daga frá skóla, þá eru foreldrar og eftir atvikum nemandi boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnendum skóla þar sem vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur um úrbætur sem gildir til skamms tíma, 3-4 vikna hið mesta. Ef ekki gengur betur á samningstíma, er foreldrum bent á þjónustu Sprettis, þverfaglegs teymis fjölskyldusviðs og heilsugæslu. Í Spretti sitja sérfræðingar frá skóla, fjölskyldusviði og heilsugæslu sem geta boðið meiri stuðning og aðstoð en skólinn einn og sér.

Það er til mikils að vinna að ná fyrir vandann áður en hann verður alvarlegur og langvinnur og hefur mögulega langvarandi áhrif á þroska og framtíðarmöguleika barnsins eða unglingsins. Lang oftast er hægt að snúa þróuninni við með léttvægum aðgerðum og ráðleggingum þegar tekið er á vandanum í upphafi hans. Foreldrar/forráðamenn geta fylgist vel með ástundun barna sinna í gegnum Mentor.

Það er von okkar í grunnskólum Fjarðabyggðar að nemendur og foreldrar/forráðamenn taki vel nýju verklagi og það megi leiða af sér betri líðan og velferð barna og fjölskyldna í Fjarðabyggð. **Myndræna útgáfu af ferlinu er að finna [hér](#)**

<p>Prep 1</p> <p>7 - 9 dagar</p> <p>Umsjónarkennari upplýsir foreldra um skólasókn.</p>	<p>Prep 2</p> <p>10-15 dagar</p> <p>Umsjónarkennari boðar til fundar með foreldrum.</p> <p>Ástæður fjarvista ræddar og mögulegar úrbætur.</p>	<p>Prep 3</p> <p>16-20 dagar</p> <p>Umsjónarkennari boðar til fundar með foreldrum og skólastjórnendum.</p> <p>Vandinn greindur og úrræði til úrbóta rædd.</p> <p>Gerður skriflegur samningur til 3-4 vikna.</p>	<p>Prep 4</p> <p>Gangi ekki betur á samningstíma er foreldrum bent á þjónustu Sprettis, þverfaglegs teymis fjölskyldusviðs og heilsugæslu.</p> <p>Í teyminu er leitað úrræða með skóla og foreldrum.</p>	<p>Prep 5</p> <p>Náist ekki árangur tilkynnir skólastjóri skólasókn til barnaverndar.</p>
---	---	--	--	---

## Starfsþróun og endurmenntun

## Skólaárið 2024 - 2025

Námskeið -fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímasetningar
Sumarlestur	Allir starfsmenn	Sjálfsnám	Sumar 2024
Leiðsagnar nám	Kennarar, stigstjórar og stjórnendur	Unnið af kennurum á hverju stigi	Allt skólaárið
Haust námskeið hjá Skóla- þjónustu Fjarða- byggðar	Kennarar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og stjórnendur	Ýmsir aðilar	2.-12. ágúst
Byrjendalæsi	Kennarar á yngsta stigi	HA	Ágúst og svo fundir allt skólaárið
Vinnustund	Allt starfsfólk	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri	Allt skólaárið

Utís	Allir starfsmenn	Ýmsir aðilar	20. og 21. sept
Uppeldi til ábyrgðar 2	Kennarar og aðstoðarskólastjóri	Skólaþjónusta Fjarðabyggðar	01. og 02. október
Fræðslufundir	Allir starfsmenn	Starfsmenn skóla og eða utanað komandi aðilar sem fengnir eru með fræðslu á starfmannafundum	Allt skólaárið
Austurbrú með námskeið fyrir Fjarðabyggð	Allir starfsmenn	Austurbrú, Fjarðabyggð og mannauðsstjóri	Allt skólaárið
Er gaman í vinnunni	Allir starfsmenn	Þekkingarmiðlun	Ekki ákveðið
Upplýsingatækni Upprifjun á hinum ýmsu öppum. Aðstoð við starfsmenn	Allir sem hafa áhuga	Arndís Bára Pétursdóttir	Allt skólaárið

Kynning á kennsluháttum og námsmati – Jafningjafræðsla	Kennarar, stjórnendur, sérkennari	Skólinn	Allt skólaárið
Kynning á eineltisáætlun skólans, forvarnir gegn einelti	Allt starfsfólk	Skólinn, eineltisteymið	Byrjun skólaárs, upprifjun eftir þörfum
Námskeið og fræðsla að eigin vali sem liður í starfsþróun/endumenntun	Allt starfsfólk	Námskeið að eigin vali	Allt skólaárið
Skólapúlsinn unnið með niðurstöður	Kennarar, stjórnendur og þróunarhópur Innra mats	Skólastjórnendur	Janúar Maí
Vinna og fræðsla vegna einstaklings námskrár	Kennarar	Deildarstjóri sérkennslu og námsráðgjafi	Ágúst Nóvember Febrúar

Heimsókn í leiðsagnarnáms- skóla í Kaupmannahöfn	Kennarar og starfsfólk	Visitor ferðaskrifstofa	06.til 11. júní 2025
---	---------------------------	----------------------------	-------------------------

## Ábendingar!

1. Komi það fyrir að nemandi sofi yfir sig, skulu forráðamenn hans tilkynna það strax til skólans.
2. Brýnt er að veikindi séu tilkynnt af foreldrum til skólans eins fljótt og hægt er og þeir beðnir um að láta vita fyrir hvern dag. Hægt er að tilkynna veikindi í gegnum Mentor.
3. Sótt er um hvers kyns leyfi á Mentor. Góð regla er að tilkynna umsjónarkennara um leyfið um leið og sótt er um það á Mentor sama er hversu langt leyfið er.
4. Boðið er upp á heitan mat í hádeginu nemendum að kostnaðarlausu.
5. Foreldrar eru minntir á, að nauðsynlegt er fyrir börnin að hafa með sér í skólann hollt og næringarríkt nesti að heiman. Mikil áhersla er lögð á að nemendur hafi með sér ávexti í skólann sem snæddir eru í ávaxtastund sem gefin er.
6. Nemendur skulu ekki vera með peninga né önnur verðmæti í yfirhöfnum sínum í fatahengi. **Skólinn tekur enga ábyrgð á þeim.**
7. Mæti nemendur minna er 14 mínútum of seint í kennslustund fær nemandi ástundunar merkinguna seint, en ef nemandi meira en 15 mínútum of seint í kennslustund telst vera um fjarvist að ræða. Þrátt fyrir það ætti nemandi sem slíkt henti að sjá sér hag í að sitja kennslustundina til enda og tileinka sér það nám sem þar fer fram.
8. Nauðsynlegt er að nemendur merki skó og yfirhafnir sínar. Merkingar hjálpa til við að leysa úr vandamálum sem upp kunna að koma vegna mistaka.
9. Þegar óveður og ófærð hamla því að nemendur komist til skóla þá er það auglýst í útvarpi að morgni dags og á heimasíðu skólans að skólastarf falli niður. Þegar þannig er fá foreldrar einnig SMS skilaboð frá skólanum um það. Ef skólastjórnendur meta aðstæður þannig að hægt sé að halda úti skólastarfi geta veður og færð þó verið þannig í sumum bæjarhlutum að ekki sé ráðlegt að fara til skóla. Foreldrar meta þá aðstæður og láta vita í skólann ef þeir kjósa að halda börnum sínum heima þar til veður gengur niður eða færð verður betri.

